

Lucas SOS styrktarbarn

Álfaheiði

Sólblómaleikskóli



Leikskólinn Álfaheiði



Leikskólinn Álfaheiði í Kópavogi

<http://alfaheidi.kopavogur.is/> vinnur með námsefnið Lífsmennt sem byggt er á tólf jákvæðum lífsgildum og leggur áherslu á virðingu og reisn allra manna.

Lífsmennt hefur Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi en í Barnasáttmálanum er litið á barnið sem þátttakanda og geranda í samfélaginu og tekur starf leikskólans mið af því.

<http://barnasattmali.is/>

Lífsgildin tólf:

**Virðing - Friður- Kærleikur - Ábyrgð - Auðmýkt -
Hamingja - Samvinna - Heiðarleiki - Umburðarlyndi -
Einfaldleiki - Eining - Frelsi.**

Með því að rækta með börnunum þessi mikilvægu gildi sjá börnin að hugmyndir þeirra, sjónarmið og þátttaka skiptir miklu máli.



Kærleikur er að deila með sér

Lucas

Árið 2002 byrjaði leikskólinn að styrkja framfærslu Lucasar sem þá var 3 ára og býr í SOS Barnaþorpi í Argentínu. Lucas fæddist 11. nóvember 1999 og er skemmtilegur og kærleiksríkur strákur.

Hér er mynd af Lucasi sem fylgdi fyrsta bréfinu sem við fengum. Um leið og við sáum myndina af þessum litla snáða byrjaði okkur að þykja undurvænt um hann.

Í dag er Lucas á fimmtánda ári og hér í þessum litla bæklingi koma upplýsingar um þá ótrúlegu gleði og þau námstækifæri sem felast í því að styrkja framfærslu hans. Um leið og við sköpum aðstæður til að börnin í Álfaheiði geti látið gott af sér leiða, kynnast þau Lucasi sem talar annað tungumál, býr í öðru landi og við aðrar aðstæður en þau sjálf.



Ábyrgð er að hjálpa til við að skapa betri heim

Lucas og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Lykilhugtök Barnasáttmálans eru umhyggja, vernd og þátttaka

Barnasáttmállinn hefur að geyma 54 greinar sem snúa allar að réttindum barna. Samningurinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn þarfnist sérstakrar verndar umfram hina fullorðnu.

20. grein - Umönnun utan fjölskyldu

Barni sem getur ekki búið hjá fjölskyldu sinni, tímabundið eða til framtíðar, skal tryggð önnur umönnun, s.s. fóstur, ættleiðing eða vistun á stofnun sem annast börn.

Það er auðvelt að tengja Barnasáttmálann við leikskólastarfið. Í Álfheiði er unnið með þau atriði sáttmálans sem eru börnunum næst t.d. nafnið þeirra, heimili og fjölskyldutengsl. Þegar unnið er með Barnasáttmálann með börnum eru lesnar sögur og ræddar ýmsar samsetningar á fjölskyldum og þá kemur í ljós að ekki eru allar fjölskyldur eins.

Heimili eru mismunandi samsett rétt eins og fjölskyldur. Heimili er staður fjölskyldunnar og þar viljum við helst vera. Börnin fræðast um réttindi Lucasar til að eiga heimili og fjölskyldu um leið og þau fræðast um sín eigin réttindi.

Á hverju ári fáum við bréf með fréttum af Lucasi og SOS fjölskyldunni hans. Þegar bréfin eru lesin vakna oft margar spurningar hjá börnunum svo sem:

- ▶ Hvar býr Lucas?
- ▶ Á hann systkini?
- ▶ Í hvaða landi býr hann?
- ▶ Hvað finnst honum skemmtilegt að gera?
- ▶ Hvar er landið hans?

Aðstæður Lucasar

Lucas býr í SOS Barnaþorpi í Mar del Plata í Argentínu. Mamma og pabbi Lucasar gátu ekki hugsað um hann en hann er svo heppin að eiga SOS mömmu í barnaþorpinu þar sem vel er hugsað um hann.

Í þorpinu eru nokkur hús og þar búa um það bil 60 börn með SOS mömmum og systkinum. Alls eru fjölskyldurnar átta, þannig að mörg börn eru í hverri fjölskyldu. Í barnaþorpinu er líka íþróttavöllur, leikskóli og leikvöllur.

Þegar Lucas var í leikskóla, fannst honum skemmtilegast að syngja, en núna er hann í grunnskóla og finnst gaman í stærðfræði.

Í síðasta bréfi kom fram að að Lucas er góður og vinalegur strákur sem á fullt af vinum sem hann leikur sér við. Hann hefur mjög gaman af að spila leiki á internetinu og horfa á kvikmyndir.



Við söfnum fyrir framfærslu Lucasar

Afmæli Lucasar

Þegar Lucas á afmæli bjóða börnin foreldrum sínum í afmæliskaffi honum til heiðurs. Þau baka smákökur sem renna alltaf jafn ljúflega niður og safna peningum til styrktar honum.

Á deildum eru baukar sem foreldrar, börn og starfsfólk setja í smápeninga. Ekki nóg með það heldur hafa börnin verið svo örlát að gefa Lucasi peninga sem þau hafa sjálf fengið í afmælisgjöf.

Börnin alast upp við það að þeirra framlag og kærleikur skiptir máli og það hefur svo sannarlega skilað sér heim og í nærsamfélag barnanna.

Einu sinni kom barn með peningagjöf frá hundinum Kormáki sem býr í nágrenni skólans en það vakti mikla kátínu og gleði.



Fatasöfnunin - Gefum gömlum fötum nýtt líf

Við söfnum notuðum barnafötum hjá foreldrum og starfsmönnum sem seld eru á vægu verði. Foreldrar og starfsmenn geta síðan komið og gert góð kaup og í leiðinni styrkt gott málefni.

Flösku – og dósasöfnun

Við söfnum dósam og flöskum einu sinni til tvisvar á ári. Börnin fara í endurvinnsluna á Dalvegi ásamt kennurum sínum og kynnast því hvernig endurnýtanlegur efniviður verður að verðmætum.




Við sendum Lucasi afmælis - og jólagjöf

Elstu börn leikskólans hafa það hlutverk að sjá um að velja afmælis - og jólagjöf fyrir Lucas og útbúa kort fyrir hann. Alltaf er byrjað á því að lesa bréf með fréttum af honum þar sem fram koma upplýsingar um hagi hans og áhugamál og rætt um hvað hægt er að gefa honum.

Það getur valdið miklum heilabrotum hjá börnunum hvað eigi að gefa strák sem orðinn er unglingur. Á hverju ári er gerður hugmyndavefur þar sem hugmyndir barnanna eru skráðar, ræddar í hópnum og síðan eru teknar ákvarðanir á lýðræðislegan hátt. Hugmyndir barnanna verða þannig sýnilegar og þau sjá að það sem þau segja skiptir máli.

Eins og sést á þessum hugmyndavef komu fram margar góðar tillögu. Fyrir valinu að þessu sinni voru bolur, legghlífar og bók með ástarkveðjum eins og eitt barnið sagði.



Þegar Lucas varð 14 ára gaf KSÍ leikskólanum landsliðsfótboltatrejju sem var árituð af öllum landsliðsmönnum og börnin ákváðu að hún yrði afmælisgjöf til hans ásamt bók sem þau útbjuggu.

Foreldri barns í leikskólanum gaf okkur fallegan bol sem börnin ákváðu að yrði jólagjöfin hans.

Elstu börnin héldu fagnaðarfund þar sem börn og starfsfólk hittust. Þau buðu henni Sunnu frá SOS samtökunum í heimsókn og sýndu öllum gjafirnar.

Börnin pökkuðu gjöfunum inn í fallegan pappír sem þau höfðu skreytt og fóru síðan með pakkann á pósthúsið.

Fylgst var með leið pakkans til Argentínu í tölvunni og börnin biðu spennt eftir bréfi og myndum frá Lucasi.

Hér sést Lucas taka upp pakkann

Stolt börn að sýna gjafirnar



Námstækifæri

Börnin eru frædd um hagi og réttindi Lucasar samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðana og einnig eru ótal önnur tækifæri sem gefast til að fjalla um Lucas og flétta þeim saman við grunnþætti menntunar. Hér koma nokkra hugmyndir:

Argentína

Argentína er í Suður Ameríku og í borginni Mar del Plata sem er við sjávarsíðuna er SOS Barnaporpið hans Lucasar. Höfuðborgin heitir Buenos Aires og í Argentínu búa rúmlega 40 milljónir manna.



Námsþættir menntunar

- Læsi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun.

Ísland

Ísland er landið okkar og bærinn okkar heitir Kópavogur. Ísland er í Evrópu og höfuðborgin okkar heitir Reykjavík. Á Íslandi búa um það bil 320.000 manns.



Fánar

Allar þjóðir eiga sér fána og það er gaman að velta fyrir sér fánum viðkomandi landa.



Tungumál - Buenos dias – Góðan daginn

Í Argentínu er töluð spænska: *Buenos dias ... góðan dag*. Hægt er að fara á bókasafnið eða á netið og finna sögur og söngva frá Argentínu.

Gjaldmiðill

Á Íslandi heita peningarnir okkar krónur, en í Argentínu heita peningarnir Argentínskur Peso.



Íþróttir

Þjóðdans er almennt hugtak um þá dansa sem eiga uppruna sinn í menningarsögu landa.

Tangó er mjög skemmtilegur dans sem er dansaður út um allan heim en hann kemur frá Argentínu. Sagt er að maður dansi Tangó til að fagna lífinu.

Á Íslandi eru til gamlir dansar sem við köllum þjóðdansa. Dæmi um íslenska þjóðdansa eru Vikivakar sem er hringdansar og eru yfirleitt dansaðir við þjóðlög eða þjóðlega tónlist.

https://www.youtube.com/watch?v=qXPV1n4YyDg&feature=player_detailpage

Fótbolti er mjög vinsæll í Argentínu og þaðan eru margir góðir knattspyrnumenn. Maradonna og Lionel Andrés Messi eru frægir knattspyrnumenn frá Argentínu.

Á Íslandi eru líka margir góðir fótboltamenn t.d. Margrét Lára og Gylfi Þór.

Lucasi finnst mjög gaman í fótbolta eins og mörgum börnum í Álfaheiði.



Selur lyklakippusafnið sitt til styrktar SOS Barnabörpum

Fyrirverandi nemandi leikskólans sem kynntist Lucas og starfi SOS Barnabörpna fékk vini sína sem líka voru í leikskólanum, í lið með sér og þau seldu lyklakippur í Lindum í Kópavogi til styrktar SOS Barnabörpum. Kippurnar voru seldar með happdrættis fyrirkomulagi þannig að fólk keypti miða með númeri fyrir 300 krónur og fékk þá kippu sem tilheyrir því númeri. Kippurnar seldust upp á tveimur klukkustundum og söfnuðust 35.000 krónur. Krakkarnir ákváðu að peningarnir væru til styrktar börnum í Afríku.

Það er greinilegt að starfið á leikskólanum og vinnan með Lucas fylgir börnunum eftir að þau hætta í leikskólanum.

**Þegar ég geri góðverk er ég
ánægð með sjálfa mig. 🌻**



Samvinna við SOS Barnaþorpin á Íslandi

SOS Barnaþorpin á Íslandi eru aðilar að alþjóðlegu samtökunum [SOS Children's Villages](#) og er hlutverk þeirra að kynna barnahjálparstarf samtakanna og afla stuðnings við það.

Það er alltaf hægt að leita til SOS Barnaþorpa og hafa starfsmenn verið með kynningu í leikskólanum á barnaþorpinu þar sem Lucas býr.

Á hverju ári heimsækir stoltur hópur barna leikskólans skrifstofu SOS Barnaþorpa og afhendir fjárhæðina sem safnast fyrir Lucas og syngur fyrir starfsmenn.

Með því að styrkja framfærslu Lucasar gefum við honum tækifæri á að eiga hamingjusama æsku. Það er von okkar í Álfaheiði að allir skólar í landinu bjóði börnunum sínum upp á að vera þátttakendur í hjálparstarfi því margt smátt gerir eitt stórt.



SOS
BARNAPORPIN
ÍSLAND



Sólblómaleikskólar

SOS Barnaporpin bjóða leikskólum að gerast Sólblómaleikskólar. Sólblómaleikskólar styrkja barn eða þorp hjá SOS eða vinna með samtökunum á annan hátt t.d. með fata – og/eða flöskusöfnun einu sinni á ári.

Sólblómaleikskólar geta fengið kynningu og efni frá SOS sem hægt er að nýta í starfið í leikskólunum m.a. uppskriftir af auðveldum framandi mat sem hægt er að útbúa á leikskólanum, lög sem hægt er að syngja og margt fleira.

Tilvalið er að halda Sólblómagleði einu sinni á ári og gleðjast yfir góðum árangri í hjálparstarfinu og vekja í leiðinni athygli á mikilvægi þess að ala börn upp í hjálpssemi og að þeirra framlag skiptir miklu máli til að skapa betri heim.



Samvinna er að vinna saman að sameinlegu markmiði



**SOS
BARNAPÖRPIN**

Öll börn vilja gott heimili

Bæklingurinn var unninn í mars 2014 af starfsfólki leikskólans Álfheiði í samvinnu við SOS samtökin.